

Nr. 60, 28. marz 1953

AUGLÝSING
um áhöfn björgunarbáta, ræðaraskírteini o. fl.

1. gr.

Á farþegaskipum, sem eru í ferðum á alþjóðasiglingaleiðum, skulu vera ræðarar með ræðaraskírteini fyrir hvern björgunarbát, sem hér segir:

Hámarkstala þeirra manna, er báturinn má flytja:	Tala ræðara með ræðaraskírteini:
41 maður eða færri	2
41 til 61	3
62 til 85	4
85 eða fleiri	5

2. gr.

Sá, sem óskar eflir að öðlast ræðaraskírteini, skal sanna fyrir siglingafróðum skipaskoðunarmanni, að hann hafi nægilega þekkingu og leikni í öllu, er lýtur að því að setja björgunarbáta skips útbyrðis, kunnir að róa, sigla og stjórna bát og að hann enn fremur sé fær um að skilja skipanir, er að vinnu við björgunarbát lýtur og framkvæma þær. Hann skal vera fullra 17 ára og hafa verið í siglingum minnst 12 mánuði.

3. gr.

Rétt til þess að öðlast ræðaraskírteini án prófs hefur sá:

- a. sem öðlast hefur skipstjóra- og stýrimannsskírteini;
- b. sem hefur verið bátsmaður eða fullgildur háseti í a. m. k. 12 mánuði á skipi, sem er í siglingum.
- c. sem hefur verið trésmiður á skipi í 24 mánuði.

4. gr.

Ræðaraskírteini skulu gefin út af skipaskoðunarstjóra, siglingafróðum skipa-skoðunarmanni Skipaeftirlits ríkisins eða öðrum, sem fengið hafa umboð til þess af skipaskoðunarstjóra.

5. gr.

Ræðaraskírteini skulu gefin út án endurgjalds eins og sýnt er í meðfylgjandi viðauka.

Ræðaraskírteini, útgefin samkvæmt auglýsingu nr. 135 28. júlí 1934, halda gildi sínu.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 135 28. júlí 1934, um ræðaraskírteini.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. marz 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.